

Mál nr. 197/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. júlí 2022, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 4. ágúst 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X hinn 26 september 2018. M ók lyftara yfir plan á vinnustaðnum þegar skúffu lyftarans lenti á ræsisloki (brunnloki) með þeim afleiðingum að lyftarinn stöðvaðist og höfuð M fór í framrúðu hans. M hlaut við þetta líkamstjón sem metið hefur verið til varanlegra afleiðinga.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans þar sem vanrækt hafi verið af hálfu X að tryggja fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustaðnum m.t.t. fyrirmæla í lögum, m.a. í 13, 14 og 37., sbr. 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. M telur að starfsaðstæður hafi verið óviðunandi þar sem ræsislok hafi staðið 3-4 cm upp fyrir yfirborð plansins sem hann ók eftir og það hafi ekki verið í fyrsta skipti sem það gerðist og þar af leiðandi hafi X borið að gera sérstakar ráðstafanir vegna hættu á tjóni. M hafi verið að vinna verk sem fól í sér að keyra lyftara eftir plani og X hafi átt að sjá til þess að öryggi á planinu væri tryggt, sérstaklega í ljósi þess að hættan á að ræsislok stæðu upp úr planinu var þekkt á vinnustaðnum, sbr. tölvupóst forsvarsmanns X til lögmanns M, dags. 9. febrúar 2022.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur ósannað hvað olli því að ræsislokið var ekki á sínum stað á slysdagi eða hvað olli því að það hrökk upp. Það sé þekkt að slík lok geti hrokkið upp á sínum stað án þess að nokkru saknæmu sé til að dreifa og það sé hægt að gera þær lágmarkskröfur til starfsmanna að þeir hagi vinnu sinni þannig að þeir gæti varúðar og hefði M átt að sjá að ræsislokið væri ekki á sínum stað í greint sinn, áður en hann keyrði á það. V bendir einnig á að M hafi ekki verið með öryggisbelti þegar hann slasaðist, en það hefði mögulega getað komið í veg fyrir líkamstjón hans.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að sá staður sem M var að vinna á við að aka lyftara þegar hann slasaðist var á vinnustað þar sem X sem atvinnurekandi, í skilningi laga nr. 46/1980 ber ábyrgð á að tryggja öryggi og góðan aðbúnað starfsmanna sinna. Í tölvupósti frá verkefnastjóra öryggis og umbóta hjá X til lögmanns M, dags. 9. febrúar 2022 kemur fram að ekki sé dregið í efa að samstarfsmaður M hafi áður ekið sama lyftara á sama ræsislok. Ekkert kemur hins vegar fram í þeim tölvupósti að það atvik hafi verið tilkynnt sérstaklega til X þegar það átti sér stað, sbr. skyldur starfsmanna í 26. gr. laga nr. 46/1980, eða að þeim sem hefðu átt að gera sérstakar ráðstafanir af hálfu X hafi verið kunnugt um það atvik. Verður því ekki talið sannað að forsvarsmenn X hafi vanrækt að gera ráðstafanir vegna hættu á að þetta tiltekna ræsislok færðist til þannig að það stæði upp úr planinu og verður að líta svo á að líkamstjón M hafi komið til vegna óhappatilviks, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. september 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir